

Sp.

188. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun gildandi lagaákvæða um kirkjuleg málefni.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar hefja endurskoðun allra gildandi lagaákvæða um kirkjumál, og verði einn heilsteyptur lagabálkur saminn um öll þessi mál og lagður fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Þó að víða séu í gildi gamaldags og úrelt lagaákvæði í íslenskri löggjöf, þá mun þó hvergi kveða jafnrammt að því eins og í gildandi lögum um málefni kirkjunnar. Þar eru enn þá talin í fullu gildi sex til sjö alda gömul lagaákvæði, og lætur að líkum, að margt af slíkum lögum falli næsta illa saman við aldaranda 20. aldar og þurfi því gagngerðrar endurskoðunar við. — Þannig eru t. d. ákvæði úr Kristinrétti Árna biskups Þorlákssonar frá því herrans ári 1275 vist enn þá talin í fullu gildi. — En til þess að sýna, að ekki séu það einustu fornminjarnar í gildandi kirkjulöggjöf, skal hér talið upp nokkuð af því helzta, sem álitid er, að hér á landi hafi gilt og ekki enn þá verið úr gildi fellt. Kennir þar margra grasa, eins og strax kemur í ljós af fyrirsögnum laganna einum saman. Flest af þessu er auðvitað löngu úrelt orðið, enda ósamræmið svo mikið milli hinna eldri og yngri lagaákvæða, að því verður varla betur lýst en með orðum höfuðklerksins og þjóðskáldsins séra Jóns Þorlákssonar á Bægisá:

„Eitt rekur sig á annars horn,
eins og graðpening hendir vorn.“

Mýmargt er þó í þessari aldagömlu lagasetningu, sem enn þá er í fullu gildi efnislega, eða gæti a. m. k. verið það, aðeins í nokkuð breyttri mynd, og yrði því vafalaust að einhverju leyti tekið með í meira eða minna breyttu formi við endurskoðun hinnar kirkjulegu löggjafar, þótt lítt mögulegt sé að styðjast við hana lengur í sínum upprunalega og ósamstæða búningi.

Fer þá hér á eftir upptalning allmargra kirkjulegra lagaákvæða, sem flest munu talin í gildi enn þá, og sýnir sú upptalning allvel, að hér er ekki aðeins um nokkrar örfáar eftirlegukindur að ræða, heldur blátt áfram um meginhluta kirkjulöggjafar vorrar.

Lagaákvæði frá 17. öld.

- 1607 Kirkjuordinantia Kristjáns IV.
- 1621 Konungsbréf um aldur presta.
- 1629 Alþingissamþykkt um prestmötu.
- 1646 Konungsbréf um legorð presta.
- 1683 Dönsku lög Kristjáns V., 2. bók, 2. kap. 5. gr. og 11. kap. 13. gr.

Þetta, sem hér hefur verið talið, eru sem sé allt lagaákvæði, sem eru meira en 300 ára gömul, að undanteknum dönsku lögum Kristjáns V., og eru þau þó sannarlega komin til ára sinna.

Lagaákvæði frá 18. öld.

- 1746 Erindisbréf handa biskupum.
- 1746 Tilskipun um húsvitjanir.
- 1744 Forordning áhrærandi ungdómsins Catechisation á Íslandi.
- 1796 Konungsbréf um prestsverk prófaste innan prófastsdæmis.
- 1771 Tilskipun um heimaskírn barna.
- 1736 Forordning áhrærandi uppvaðandi ungdómsins Confirmation og staðfestingu í hans skírnarnáð.
- 1744 Konungsbréf um Confirmation.
- 1759 Tilskipun um fermingu.
- 1764 Prestastefnusamþykkt um sjúkravitjanir presta og aukatekjur.
- 1738 Konungsbréf um legorð andlegrar stéttar manna.
- 1740 Konungsbréf um afsetta presta.
- 1756 Konungsbréf um uppreist presta, er víkið hefur verið frá embætti.
- 1708 Konungsbréf um ráðstafanir gegn prestum þeim, er láta prestsetrin falla og niðast niður.
- 1744 Tilskipun um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga á Íslandi.
- 1749 Konungsbréf, er löggildir máldagabók Gísla biskups Jónssonar.
- 1789 Tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir.
- 1786 Konungsbréf um sölu kirkjueigna.
- 1751 Konungsbréf um eigendaskipti að bændakirkjum.
- 1740 Konungsbréf um portionsreikninga bændakirkna.
- 1747 Konungsbréf um gegnumdregnar bækur kirkna.

Lagaákvæði frá 19. öld.

- 1827 Tilskipun um vald biskupa til að veita undanþágur frá fermingartilskipunum.
- 1847 Tilskipun, er nákvæmar tiltekur það, sem fyrir er nælt í reglugerð fyrir Ísland 17. júlí 1782 um tekjur presta og kirkna o. fl.
- 1847 Tilskipun um fardaga presta á Íslandi og um réttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfingjar hans, og einkum ekkjan, eiga heimtingu á.
- 1880 Lög um eftirlaun presta.
- 1884 Lög um eftirlaun prestsekkna.
- 1890 Lög um innheimtu og meðferð á kirknafé.
- 1890 Viðaukalög við lög nr. 5 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.
- 1828 Bréf Kanselliisins um tilhögun á kirkjuhurðum.
- 1882 Lög um leysing á sóknarbandi.
- 1886 Lög um utanþjóðkirkjumenn.

Hér hefur nú verið talið það helzta af íslenskri löggjöf um kirkjumál, sem flutningsmaður þessarar tillögu telur brýna þörf á að endurskoða og fella saman

í heilsteyptan lagabálk, er í aðgreindum köflum geri hverjum málefnaflokki full skil í því formi, sem bezt hentar málefnum kirkjunnar, eins og þróun þeirra mála er nú komið í landi voru.

Reyndar er svo líka ýmislegt af lögum seinustu áratuga um þessi efni einnig orðið úrelt og ósamstætt, og er að sjálfsgöðu til þess ætlazt, að þau lög verði jafnframt tekin til endurskoðunar ásamt hinni eldri löggjöf.

Kennslumálalöggjöfin hefur á seinustu árum hlotið svipaða endurskoðun og hér er gert ráð fyrir. Þá má og segja, að íslensk heilbrigðis- og félagsmálalöggjöf sé komin í nýtizkuform, eins og bezt gerist nú hjá hinum fremstu menningarþjóðum. — Þyrfti þannig að halda áfram stefnunni að endurskoða og umsemja hvern málefnaflokk íslenzkrar löggjafar út af fyrir sig og fela þau störf þeim mönnum, sem færastir eru og nákunnugastir málum, — nema burtu úrelt ákvæði og samræma og samhæfa kröfum samtíðarinnar, það sem á stangast og ekki fullnægir lengur kröfum tímans. Mætti þannig takast að koma þessu umfangsmikla og nauðsynlega verkefni í framkvæmd á tiltölulega skömmum tíma.